



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Alþingi
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

SA/

Rvk. 17. maí 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73/2005, um skipan ferðamála, með síðari breytingum (gæðamál, tryggingarfjárhæðir), 575. mál

Samtök atvinnulífsins og Samtök ferðaþjónustunnar skila sameiginlegri umsögn við frumvarp þetta.

Athugasemd við 1. gr. – g. lið:

Búa yfir nægilegri þekkingu eða starfsreynslu til að geta gegnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt að mati Ferðamálastofu.

Þar sem Ferðamálastofa hefur að svo stöddu ekki forsendur til að meta þekkingu þeirra sem sækja um leyfi er lagt til að þessi liður falli út. Það er mikilvægt að ferðaþjónustuaðilar geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem felst í því að sinna ferðamönnum og að verklagsreglur ásamt þekkingu verði að vera til staðar. Því er lagt til að nefndin sem nú vinnur að endurskoðun laga um skipan ferðamála vinni áfram að því að skapa umgjörð um leyfisveitingu og eftirlit með leyfum.

Athugasemd við 3. gr. 1. mgr.

Vegna mikilla breytinga á neytendamarkaði er Ferðamálastofu heimilt samkvæmt rökstuddri beiðni ferðaskrifstofu og framlagningu tilskilinna gagna skv. 4 mgr. 18. gr. að veita tímabundna undanþágu verðandi mat á tryggingarfjárhæð fyrir árið 2010.

Samtökin telja að rökstuðningur og framlagning tilskilinna gagna sé nægur til að fá tímabundna undanþágu og að ekki verði miðað aðeins við árið 2010. Aðstæður á neytendamarkaði geta alltaf breyst þó ekki séu miklar líkur á svipuðum breytingum og urðu milli áranna 2008 og 2009. Lagt er til að í málgreininni verði settur punktur á eftir orðinu tryggingarfjárhæð.

Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Fh. Samtaka atvinnulífsins
Pétur Reimarsson

Fh. Samtaka ferðaþjónustunnar
Gunnar Valur Sveinsson